

# Skólaráð

## Fundargerð 16.október 2014

Mætt: Magnús Steingrímsson og Oddur Ragnar Þórðarson fulltrúar foreldra, Tanja Sigmundsdóttir fulltrúi nemenda, Anna Hlökkversdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Jens G. Einarsson fulltrúi kennara, Svava Bogadóttir skólastjóri, Hannes B. Hjálmarsson fulltrúi kennara veikur. Enn vantar einn fulltrúa frá nemendum og fulltrúa grenndarsamfélags.

- Farið var yfir starfsreglur skólaráðs og hlutverk eins og það birtist á heimasíðu skólans
- Tvær tillögur komu um fulltrúa grenndarsamfélags, Stefán Arinbjarnarson og Tinna Hallgrímsdóttir, skólastjóri mun hafa samband við þau.
  
- **Farið yfir 1.drög að skólareglum og mikil umræða varð um þær:**
  - **Við förum ekki út af skólalóðinni í frímínútum,**
    - Í skólanum höfum við leyft nemendum á elsta stigi að fara heim í hádegi, ekki er víst að það standist lög, þ.e. nemendur eru á ábyrgð skólans á skólatíma. Hugsanlega hægt að leysa það með því að foreldrar undirriti sérstakt leyfisbréf hér í skólanum vilji þau að börnin fái að fara heim í hádeginu.
    - Við höfum sent nemendur, eða leyft þeim, að fara heim eftir námsgögnum, kannski þurfum við að hætta því?
    - Þegar við höfum ekki getað mannað forföll á unglíngastigi höfum við leyft þeim að fara heim, öll forföll á að manna, eða setja stuðningsfulltrúa á bekkinn.
  - **Við notum ekki tóbak eða önnur vímuefni,**
    - eitthvað hefur borið á því að nemendur hafa komið angandi af sígarettum eftir frímínútur? Fara í áttak vegna þess.
  - **Áður en við komum inn í kennslustund förum við í raðir,**
    - Gildir aðeins um yngsta stig
  - **Við gætum þess að fara úr yfirhöfnum**
    - Óþarfi að hafa þessa reglu?
  - **Í tengslum við reglu um skólalóð var rætt um að vantaði fleiri fótoltamörk og körfuboltaspjöld.**
  - **.....tyggigúmmí leyfist ekki**
    - Sóðaskapur, klínt undir borð, ekki vandamál sagði kennarafulltrúinn, ef þau eru með tyggjó bendi ég þeim á ruslafötuna og þau henda því þegjandi og hljóðalaust

- Farið yfir aðgerðaáætlun skólans sem þykir skýr og foreldrar ánægðir með Mentor, gott að allt er skráð þar.
- Skólareglurnar með breytingartillögum fara síðan fyrir starfsmannafund og munu kennarar fara yfir þær með nemendum, þaðan koma væntanlega breytingartillögur líka. Við munum því kasta reglunum á milli okkar þar til allar hópar hafa fengið tækifæri til að koma með sínar tillögur og að lokum verðum við með skólareglur sem allir þekkja og sanngjarnt er að farið sé eftir. Vonandi ljúkum við þeirri vinnu í nóvember.
- Ákveðið að hafa fundartíma á miðvikudagsmorgnum kl. 8 og verður fundað einu sinni í mánuði. Næsti fundur ákveðinn 12.nóvember

Fundarritari Svava Bogadóttir